

# Framtíðarmöguleikar okkar

Prófsteinn þess hvort okkur miðar áfram er ekki aukin velsæld þeirra sem lifa í allsnægtum, heldur hvort þeir sem búa við kröpp kjör fá nóg.

Franklin D. Roosevelt

<b>Málefni</b>	Börn, umhverfismál, almenn mannréttindi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Hópstærð</b>	15–20
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Yfirlit</b>	<p>Í þessu verkefni draga þátttakendur upp mynd af framtíð eigin kynslóðar og ræða væntingar sínar og áhyggjuefni. Meðal málefna sem fjallað er um:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfismál sem skipta komandi kynslóðir máli.</li> <li>• Ungt fólk og fjölskyldan.</li> <li>• Samfélagslegt líf.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoðanafrelsi og aðgengi að upplýsingum.</li> <li>• Rétturinn til að tekið sé tillit til alls sem varðar hagsmuni barna.</li> <li>• Rétturinn til viðunandi lífskjara.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að auka þekkingu á samfélagslegu lífi, réttindum og ábyrgð.</li> <li>• Að auka hæfni til að taka þátt í opinberri umræðu og hópvinnu og skapa sér framtíðarsýn.</li> <li>• Að sjá veröldina í sífældri þróun með alls konar möguleikum þar sem allt ungt fólk getur haft áhrif, jákvæð eða neikvæð.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Pappír til að rissa á.</li> <li>• Stórar pappírsarkir fyrir hreinteikningu.</li> <li>• Litir, pennar og merkipennar.</li> <li>• Efniviður í klippimynd, svo sem mislitur pappír, tímarit, litlar trjágreinar, hrísgrjón, baunir, þurrkuð laufblöð, skeljar o.s.frv.</li> <li>• Lím.</li> <li>• Gamlar ljósmyndir úr eigin nágrenni/heimabæ (valfrjálst).</li> </ul>

## Leiðbeiningar

- Ræddu fyrst um það hvernig hlutirnir breytast í tímans rás. Segðu þátttakendum að líta til baka og rifja upp hvernig heimili þeirra og götur bæjarins litu út þegar þeir voru yngri og velta fyrir sér breytingunum sem hafa átt sér stað. Hafa einhverjar vistarverur í skólanum verið endurnýjaðar eða eru komin ný húsgögn? Eru einhverjar nýbyggingar í nágrenninu? Segðu þátttakendum að velta breytingunum fyrir sér, hvers vegna þær voru gerðar, hverjir tóku ákvarðanir um hverju ætti að breyta og hvernig ætti að gera það.

**MÁLEFNI**



**BÖRN**



**UMHVERFISMÁL**



**ALMENN MANNRÉTTINDI**

---

**ÞYNGDARSTIG**

STIG 4

  

STIG 3

  

STIG 2

  

STIG 1

**STIG 2**

---

**HÓPSTÆRD**



**15–20**

---

**TÍMI**



**60 MÍNÚTUR**

- Segðu þátttakendum að nefna í fljótheitum breytingar sem þeir hefðu gert ef þeir hefðu fengið að ráða.
- Bentu nú á hvernig ákvarðanatökur geta breytt högum fólk og haft áhrif á mannréttindi. Telja þátttakendur að ganga eigi út frá mannréttindum þegar ákvarðanir eru teknar? Á vægi mannréttinda eftir að aukast eða minnka meðal ráðamanna þegar fram líða stundir? Hvers vegna?
- Segðu þátttakendum að nú sé lag! Nú skuli þeir grípa tækifærið og fara að huga að því hvaða áhrif þeir geti haft á framtíð sína.
- Segðu þátttakendum að skipta sér í þriggja eða fjögurra manna hópa.
- Láttu þá fá pappír og penna og segðu þeim að rissa upp umhverfi sitt (hverfi/borg) eins og þeir vilja sjá það í framtíðinni. Þeir mega gera það sem þeir vilja og láta ímyndunaraflíð ráða.
- Þegar hver hópur hefur komið sér saman um tillögu skal fullvinna hana á stóru pappírsörkinni með litum og öðru efni.
- Að því verki loknu skaltu biðja þátttakendur í hverjum hópi að kynna áætlun sína og segja hvaðan þeir fengu hugmyndir sínar og útskýra hvernig þeir útfærðu þær. Gera skal stutt hlé eftir hverja kynningu til að fólk geti fengið svör við spurningum sínum en almennar umræður fara ekki fram fyrir en í samantektinni.

### Samantekt og mat

Byrja skal á því að ræða hvernig hópvinna gekk og hvernig ákvarðanir voru teknar og framkvæmdar.

- Fannst öllum þeir hafa átt þátt í því starfi? Hvernig tókst hópunum að nýta sem best hæfileika hvers og eins innan sinna raða?
- Hvernig fannst þeim að fá álit annarra á áætlunum sínum?
- Hvernig fannst þeim að segja sitt álit á áætlunum annarra?
- Gætu þeir hugsað sér að gera tilslakanir á eigin hugmyndum ef þeir stæðu frammi fyrir því að eiga að innrétta skólastofu eða sal sem allir í bekknum eða hópnum væru sáttir við?
- Fannst þátttakendum gaman að vera með í því að „móta eigin framtíð“?
- Telja þeir að hugmyndir þeirra verði einhvern tímann að veruleika? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Telja þeir að hægt væri að ræða þessar áætlunir við eldri kynslóðina? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Hvað kom mest á óvart í þessum áætlunum?
- Hver kynnu borgaraleg réttindi þeirra að verða í framtíðinni?
- Hverjar kynnu borgaralegar skyldur þeirra að verða í framtíðinni?
- Hvað getur ungt fólk gert núna til að hafa áhrif á það lýðræðislega ferli sem mótar líf þeirra og framtíð?

### Ábendingar til leiðbeinanda

Þetta verkefni ber heitið „Framtíðarmöguleikar okkar“. Orðið framtíðarmöguleikar vísar til þess að framtíðin er ekki fyrir fram ákveðin, við mótum hana sjálf. Möguleikarnir eru margvíslegir og brýnt er að ungt fólk skapi sér framtíð sem uppfyllir óskir þess og væntingar.

Til að ítreka hvernig allt er breytingum háð er tilvalið að sýna á gömlum myndum hvernig umhorfs var í bænum fyrir tíu eða tuttugu árum. Einnig er hægt að biðja þátttakendur að velta fyrir sér breytingum á alþjóðavettvangi. Þeir gætu til dæmis hugleitt þá staðreynd að fyrir þrjátíu árum var Netið aðeins til í vísindaskáldskap en innan tíðar verða allir skólar og bókasöfn í heiminum netvædd.

Ef þátttakendur eiga erfitt með að sjá fyrir sér hvernig bærinn þeirra muni líta út í framtíðinni er hægt að spyrja þá eftirfarandi spurninga:

- Hverjir munu búa hér? Fólk sem hefur fæðst hér eða aðkomumenn? Á hvaða aldri verða þeir? Munu þeir lifa fjölskyldulífi?
- Hvernig verður daglegt líf þeirra? Hvar munu þeir kaupa í matinn? Hvernig ferðast þeir milli staða?
- Hvernig félagslegrar aðstoðar, svo sem sjúkrahúsa og tannlæknaþjónustu, munu þeir þarfnast?
- Hvernig verða skólarnir?
- Hvernig verður félagslíf þeirra? Hvað munu þeir gera í frístundum sínum?
- Munu þeir eiga gæludýr?
- Hvers konar störfum mun fólk gegna?
- Hvaða tækninýjungar verða hugsanlega komnar til sögunnar?
- Hvað með umhverfismál? Náttúruna hér um kring?

## Tilbrigði

Hægt er að nota aðra aðferð, þ.e. vinna út frá hugmyndinni um „framtíðarhjólín“. Skiptu þátttakendum í smærri hópa. Hver hópur tekur fyrir eitt málefni (til dæmis menntun, fjölskylduna, samfélagið, atvinnulíf eða heilbrigðismál) og teiknar upp framtíðarhjólíð á því sviði. Umhverf- ishjól mundi til dæmis vera með öll mikilvægustu atriðin í miðjunni og svo teina út frá henni. „Teinarnir“ skipta hjólinu niður í reiti og í þá geta þátttakendur skrifað athugasemdir, svo sem enginn útblástur, rafknúin farartæki, mikið af trjám, hreinar ár og mannúðlegur landbúnaður.

## Tillögur um framhald

Þátttakendur geta kynnt sér áætlanir um framtíðarskipulag og hvernig hægt er að hafa áhrif á framvindu mála. Þeir geta haft áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum, frístundaklúbbum eða félagsamtökum með því að mæta á fundi, eða fara jafnvel fram á atkvæðagreiðslu. Margt annað er hægt að gera til að kanna framtíðarmöguleika. Í verkefninu „Leiðin til „Jafnréttislands“ á bls. 151 er fjallað um hvernig ná má fram jafnrétti kynjanna, og verkefnið „Áhrif Netsins“ á bls. 87 sýnir hvernig umhorfs gæti orðið þegar tækninýjungar halda áfram að ryðja sér til rúms.

Á meðan við látum okkur dreyma um framtíðina getum við byrjað á því að koma á meira réttlæti í þjóðfélaginu. Vilji þátttakendur fjalla um kúgun og leita leiða til að allir njóti samúðar og virðingar er bent á verkefnið „Eigum við annarra kosta vö!“ á bls. 106.

## Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu farið með áætlun sína til ráðamanna og reynt að fá þá til að líta á málið. Hugsanlega yrði tekið tillit til hennar í skipulagsáætlunum.

## Lykildagsetning

### 12. ágúst

Alþjóðadagur æskunnar